

Waldorfleikskólinn Sólstafir

2023 - 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.


Stjórnandi: Elín Traustadóttir

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	5
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
3 Innra mat xxx deildar	15
4 Innra mat sérkennslu	39
5 Innra mat – fjöltyngd börn	40
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	42
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	43
8 Foreldrasamvinna	44
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	47
10 Fylgigögn	51
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	62



Leiðarljós leikskólans



Waldorfleikskólinn Sólstafir starfar eftir uppeldis- og kennslufræðum Rudolfs Steiners, sem Waldorf-fræðin eru byggð á. Allt skólastarfið einkennist af sterkum hrynjanda sem fylgir árstíðahringnum okkar (sjá mynd hér að ofan). Segja má að árstíðahringurinn sé okkar eiginlega skólanámskrá, þó svo að við störfum að sjálfsögðu líka eftir formlegri námskrá.

Hátíðir spila stóran þátt í starfinu hjá okkur. Hver árstíð hverfist um ákveðna hátíð, verk, sögur og söngva. Hver vikudagur hefur ákveðin verk og hádegismat. Það er gott að starfa eftir þessum sterka hrynjanda, endurtekningin veitir börnunum öryggi og þau vita alltaf hvernig dagurinn er uppbyggður.

Grunnþættir Waldorf-uppeldisstefnunnar eru: Sterkur hrynjandi, frjálss leikur, virkjun ímyndunarafslisins, sköpun og gott fordæmi fullorðinna.

Unnið er með náttúrulegan opinn efnivið í því skyni að virkja sköpunarkraft barnanna í leik og starfi. Í leikskólanum er komið fram við barnið af virðingu og lagður grunnur að góðri félagsfærni. Skapaðar eru aðstæður til þess að barnið fái að vaxa og það geti notið sín í leik og starfi í hlýju og kærleiksríku umhverfi. Við



lítum svo á að foreldrar séu mikilvægur þáttur í góðu og farsælu leikskólastarfi og leggjum rækt við það.

Steiner sagði m.a. að leikskólar ættu ekki að vera kennarastýrðir og því ætti ekki að hefja formlega kennslu heldur efla börnin í leik og að kenna þeim í gegnum hann. Steiner lagði áherslu á að kennarar segðu sögur, færu í leiki og segðu börnunum gátur. Á þessum áherslum byggjum við m.a. starfið hjá okkur.

Tilgangi og markmiði Waldorf leikskólans má lýsa á eftirfarandi hátt:

1. Að veita nemendum góða alhliða menntun.
2. Að hlúa að heilbrigðum þroska nemenda.
3. Að gera hverjum og einum kleift að finna og nýta hæfileika sína.
4. Að hjálpa nemendum að þróa þá færni sem þeir þurfa til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins.
5. Að gefa foreldrum val um uppeldisstefnu í samhljómi við lífssýn þeirra.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Fimm deildir eru í leikskólanum með 80 börnum. Á fjórum deildum eru sextán börn og á einni deildinni eru sautján börn. Á yngstu þremur deildunum eru fjórir starfsmenn auk tveggja starfsmanna sem eru í stuðningi en á tveimur elstu deildunum eru þrír starfsmenn. Starfsmaður sem kominn er á eftirlaun kemur daglega hluta úr ári og leysir af í mat.

Barnahópurinn samanstendur af 47 strákum og 33 stelpum. Þrettán börn eru tvítyngd.

Starfsmannahópurinn samanstendur af:

- Fimm starfsmenn eru leik- eða grunnskólakennarar.
- Þrír starfsmenn eru með aðra háskólamenntun.
- Tólf starfsmenn eru með stúdentspróf eða aðra menntun.
- Þrír starfsmenn starfa í eldhúsi fyrir leik- og grunnskólann.
- Þrír sumarstarfsmenn.

Haustið byrjaði vel hjá okkur. Starfsmannastöðugleiki var nokkuð góður. Það er metnaðarfullt og jákvætt starfsfólk sem starfar hjá okkur. Mikill áhugi er á Waldorfstefnunni og munu nokkrir kennarar fara á sumarnámskeið erlendis. Auk þess er starfsmaður í leikskólakennaranámi. Nokkrir hafa áhuga á að mennta sig sem Waldorfkennarar og eru að leita leiða. Við lítum svo á að með aukinni Waldorfmenntun fáum við dýrmætan fjársjóð inn í starfið hjá okkur.

Gerð var starfsánægjukönnun á sameiginlegum starfsdegi með grunnskólanum sem kom vel út. Samkvæmt henni er almenn starfsánægja í hópnum.

Á hverju vori er haldin sameiginleg sumarhátíð með grunnskólanum. Börn, foreldrar og starfsmenn koma saman og gera sér glaðan dag. Starfsmenn leikskólans hafa verið með blómasölu undanfarin ár og hefur innkoman verið notuð í að fjármagna stærri verkefni. Nú erum við að safna fyrir gróðurhúsi til að geta sinnt ræktun enn frekar. Í Waldorf er lögð áhersla að tengja börnin við hringrás náttúrunnar frá fræi til uppskeru. Mun gróðurhús hjálpa okkur að efla



Þá vinnu enn frekar, þar sem auðveldara verður að forrækta plöntur. Við leitum til foreldra, starfsmanna og velunnara skólans eftir afleggjurum og blómum og seldum á vægu verði. Gekk salan mjög vel og erum við komin aðeins nær því að eignast gróðurhús.



Foreldrar í leikskólanum voru með söluborð á sumarhátíðinni og seldu veitingar gegn vægu gjaldi og var innkoman notuð til að stofna formlegt foreldrafélag.

Vinnudagar í leikskólanum hafa gengið mjög vel þetta skólaár. Foreldrar hafa fjölmennt og unnið gott starf í leikskólagarðinum okkar. Við höfum gróðursett töluvert og mun með tíð og tíma myndast gott skjól í garðinum.



Næsta haust mun sérkennsla verða stórefld. Búið er að ráða kennara sem mun sinna henni og byggja upp starfið ásamt stjórnanda.

Fjarvistir eru enn miklar hjá okkur og þurftum við því miður að loka deildum nokkrum sinnum í vetur. Við leitum nýrra leiða til að draga úr fjarvistum með mannauðsráðgjafa okkar og Vinnuvernd. Sú vinna stendur yfir og á að vera lokið í haust.

Mikil aðsókn er í leikskólann. Flestir sem sækja um leikskólapláss hjá okkur fyrir barnið sitt segjast gera það vegna stefnunnar eða þess að þeir hafi heyrt góða hluti frá vinum sínum. Því miður gátum við tekið mjög fá börn inn fyrir næsta skólaár, því aðeins sex börn hætta og fara í grunnskóla og örfá börn eru að flytjast á milli leikskóla eða að fara í fimm ára bekk í öðrum skólum. Flest börnin sem eru að byrja í grunnskóla fara í skólann hjá okkur.

Helga Óskarsdóttir, einn af stofnendum Sólstafa og frumkvöðull Waldorfstefnunnar á Íslandi lést í vor. Við í skólanum og leikskólanum erum óendanlega þakklát fyrir allt hennar óeigingjarna brautryðjendastarf í þágu kærleiksríkrar menntunar í anda Waldorffuppeldis. Við undirbúning útfarar Helgu ríkti sannkallaður Waldorf andi og lögðust allir starfsmenn skólanna á eitt til að gera daginn fallegan.



Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Lýðræðisleg vinnubrögð eru í forgrunni við innra mat í leikskólanum. Fer það fram á stjórnarfundum, deildarstjórafundum, deildarfundum, foreldrafundum og sameiginlegum starfsdegi með grunnskólanum sem er einu sinni á skólaári.

Tekið er tekið tillit til sjónarmiða allra þeirra sem að starfinu koma; leikskólakennara, annars starfsfólks og foreldra og barna.

Stjórn leikskólans fundar með stjórn grunnskólans vikulega. Farið er yfir þau mál sem liggja fyrir. Atburðir og starfshættir endurmetnir reglulega.

Stjórnandi ásamt stjórn leikskólans bera ábyrgð á innra mati leikskólans. Stuðst er m.a. við símat. Starfið er metið á vikulegum stjórnar-, deildarstjóra og starfsmannafundum sem eru á þriggja vikna fresti og sameiginlegum starfsdegi með grunnskólanum, sem er einu sinni á vetri. Allir starfsmenn taka þátt í matinu og bera stjórnendur og stjórn skólanna ábyrgð á að því sé framfylgt. Foreldrakönnun er framkvæmd annað hvert ár og sér Visar um framkvæmdina.

Á sameiginlegum starfsdegi leik- og grunnskólans í febrúar síðastliðnum var gerð starfsánægjukönnun. Allir starfsmenn skólanna tóku þátt í henni.

Helstu niðurstöður úr starfsánægjukönnun.

- Starfsmenn eru frekar eða mjög sammála að þeir séu ánægðir í vinnunni
- Starfsmenn geta nýtt þekkingu sína og hæfni í starfi.
- Starfsmenn sýna almennt hver öðrum vinalegt viðmót.
- Starfsmenn eru frekar eða mjög sammála að þeir fái stuðning frá næsta yfirmanni.

Veikleikar:

- Starfsmenn hafa ekki fengið skriflega starfslýsingu.
- Bæta má upplýsingaflæði á vinnustaðnum.

Veturinn 2023 – 2024 verður áhersla lögð á:

- Efla enn frekar Waldorffræðslu.



- Hvetja starfsmenn til að afla sér Waldorfmenntunar.
- Vinna að heilsueflingu starfsmanna.
 - Draga úr fjarvistum starfsmanna.
- Safna fyrir gróðurhúsi (með blómasölu á sumarhátíðinni)
 - Sá fyrir matjurtum og plöntum.
- Útbúa skriflegar starfslýsingar og hafa sýnilegar á hverri deild.
- Klára vinnu við foreldrahandbók.

Þeir aðilar sem taka þátt í ytra matinu eru:

- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins gerði úttekt án athugasemda.
- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerði úttekt á leiksvæðinu á vordögum, en hefur ekki enn skilað inn skýrslu.
- Viðhorfskönnun foreldra barna í leikskólum Reykjavíkurborgar.
 - Visar sá um framkvæmd könnunar.

Við fengum niðurstöður könnunarinnar sendar eftir að foreldraráð hafði fengið starfsáætlun senda til yfirferðar. Þrjár af fimm deildarstjórum voru á Waldorf námskeiði erlendis og gátum við því ekki farið sameiginlega yfir hana. En við munum gera það á fyrst deildarstjórafundum næsta haust. Það hefði gagnast okkur betur að fá niðurstöður sendar fyrr.

Fljótt á litið eru niðurstöður jákvæðar það er helst í upplýsingum varðandi barnið sjálft til foreldra sem við megum bæta. En þar vorum við á gulu.

Svarhlutfall í leikskólanum var 64,2% og fjöldi svara var 52.

Helstu niðurstöður eru:

- Barninu líður vel í leikskólanum svöruðu 4,41%
- Tel barnið mitt vera öruggt svöruðu 4,42%
- Vingjarnlegt andrúmsloft svörðuðu 4,53%
- Skólanum er vel stjórnað svöruðu 4,06%

Stjórnun

Við Waldorfskólann/leikskólann Sólstafi starfar fulltrúaráð (stjórnendateymi) beggja skólastiga. Þar sitja að jafnaði sex fulltrúar kennara sem eru með mesta starfsreynslu. Þrír frá leikskólanum og þrír frá grunnskólanum. Þeir taka að sér að vera í ábyrgð fyrir stofnunina gagnvart starfinu í heild og menntayfirvöldum. Einn stjórnandi starfar eingöngu á skrifstofu og er í forsvari fyrir leikskólann.

Stjórnarfundir eru einu sinni í viku. Þar hittast stjórnendur leik- og grunnskólans. Fundirnir eru upplýsinga- og samráðsfundir. Farið er yfir rekstur og faglegt starf skólanna.

Deildarstjórafundir eru einu sinni í viku. Þar hittast stjórnendur og deildarstjórar. Fundirnir eru upplýsingafundir um faglegt- og daglegt leikskólastarf.

Á starfsmannafundum sem eru á þriggja vikna fresti er ávallt boðið upp á veitingar sem starfsmenn deildanna sjá um að elda. Hráefnið í matinn fá starfsmenn í eldhúsinu.



Innra mat Fiðrildadeildar



Á Fiðrildadeild starfa þrjú starfsmenn í 100% starfi og einn starfsmaður í 50% hlutfalli sem stuðningsaðili. Á deildinni er pláss er fyrir sextán börn. Börnin eru fædd 2017/18. Við erum við hliðina á Stjörnulofti og það er öflugt samstarf okkar á milli. Við deilum inngangi og erum í raun og veru eitt hólf. Á Fiðrildadeild er sterkur hrynjandi og viljum við hafa gott skipulag og flæði í daglegu starfi.

Við hugsum alltaf um að halda jafnvægi milli verkefna og ró í daglegu lífi eins og í andardrættinum (anda inn og anda út). Í námskránni okkar fléttum við náttúrunni inn í starfið í gegnum sögur, söngva og föndur. Waldorfstefnan er okkar leiðarljós og viljum við vera trú og uppfylla uppeldisstefnuna sem foreldrar eru að sækjast eftir. Við leggjum mesta áherslu á að vera börnunum góð fyrirmynd þar sem börnin læra mest með því að herma eftir. Starfsmenn nota undirbúningstímann meðal annars til að auka fræðslu við sig og eiga í samtali um Waldorf uppeldisfræði.

Farið var reglulega í vettvangsferðir, það var sérstaklega gaman að fara í skóginn okkar í Öskjuhlíðinni. Þar vorum við að klifra, tálga og upplifa náttúruna. Ferðinar þangað voru fram að lokum október og byrjuðu aftur eftir páskana. Snemma í haust fórum við í Heiðmörk að tína ber, vinsælt var að fara í Laugarnesið í fjöruna að tína skeljar og steina. Við höfum líka verið að fara í



Laugardalinn. Gaman er að segja frá því að við vorum með samstarfsverkefni og plöntuðum túlípönnum í haust og fáum nú regulega pósta og fréttir af blómunum okkar. Í lok september fórum við í lífsleikni með grunnskólabörnunum úr skólanum og voru elstu börnin á deidinni í heila viku í skóginum.



Þegar við hættum skógarferðunum í vetur fórum við á allskonar söfn og heimsóttum við meðal annars Sjóminjasafnið, Landnámssýninguna, Náttúruminjasafn og Árbæjarsafnið.

Um jólin var þétt dagskrá og heimsóttum við jólagarðin í Ráðhúsinu, jólaköttinn á Lækjartorgi og fórum í Hallgrímskirkja til að fá fræðslu um jólahald í gamla daga. Einnig tókum við þátt í Aðventustund í Grasagarðinum

Í vor var farið í árlegu sveitaferðina. Eins og alltaf var farið í fjöruna við Hvalfjarðareyri og bóndabærinn Miðdalur í Kjós heimsóttur. Við fórum einnig á bókasafnið á námskeið um meðhöndlun bóka. Í vor var okkur boðið á tónleika með lúðrasveit Reykjavíkur Miðbær/Vesturbær. Elstu börnin fóru í leikhús að fá kynningu bæði hjá Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu. Sinfóníuhljómsveitin var líka heimsótt og hlustað á klassíska tónlist.



Endurmat umbótaráætlun 2023

Við aðlöguðum dagshrynjandann hjá okkur og var tekið mið af árstíðunum. Lögð var áhersla á meiri útiveru um haustið og vorið. Morgunhressingin var einnig aðlöguð og fær hvert barn nú eina brauðsneið og grænmeti. Með þessu hefur matarlyst barnanna aukist í hádeginu.

Eftir morgunstund höfum við verið að fara daglega í 20 mínútna göngur. Börnunum finnst það spennandi. Hefur þetta haft góð áhrif á hreyfiproska barnanna sem og kennt þeim að ganga tvö og tvö saman og fylgja röð.

Hádegismatartíminn var færður til og stytur. Með þessari breytingu var verið að vinna í því að gera matartímana þægilegri og hafa minni bið fyrir þá sem eru snöggir að borða. Við tryggjum síðan að börnin borði grænmeti daglega.

Hvíldin eftir mat getur verið áskorun fyrir starfsmenn. Það er erfitt að ná ró og næði og er það ennþá í vinnslu hvernig við getum bætt þennan mikilvæga hlekk í hrynjanda dagsins.



Á þriggja vikna fresti erum við með starfsmannafundi. Þar er lögð áhersla á að bæta og fínstillta ofangreindar áherslur á milli deilda.

Í haust og vor var lögð mikil áhersla á að halda áfram að bæta og fegra útisvæðið. Meðal annars var haldið áfram að planta trjám í kringum leikskólann. Einnig bjuggum við til kartöflugarð og er því komin enn meiri náttúra á leiksvæðið okkar.



Við uppfylltum öll okkar markmið. Það sem er næst á framtíðarplani er að fá gróðurhús. Við erum í sameiningu að safna fyrir því með Waldorf grunnskólanum.

Umbótaráætlun 2023 - 2024

Hjá okkur eru fimm börn sem þurfa á talþjálfun að halda. Málörvun mun því skipta sérstaklega miklu máli á næsta skólaári. Það hefur verið ráðinn sérkennslustjóri sem mun hefja störf í lok ágúst. Í sameiningu með honum munum við endurskipuleggja þá hópa sem eru nú til staðar og vinna markvisst með þessum börnum til að bæta færni þeirra.

Í október verður haldinn fundur með sérkennslustjóra til að fara yfir stöðu mála.

Í Waldorffuppeldisfræðinni er notuð barnaskoðun til að kynnast barninu. (sjá eyðublað í fylgiskjöllum) Með því er gert hlutlaust mat á líkamlegri og félagslegri færni.

Á næstu skólaári munum við á starfsmannafundunum okkar leggja áherslu á að taka til athugunar að minnsta kosti tvö börn til umræðu að hverju sinni. Markmiðið með þeim umræðum væri að kafa dýpra í hverjar þeirra þarfir eru. Einnig munum við útbúa upplýsingablað til viðeigandi foreldra um sögu síns barn á leikskólagöngunni.

Við lok skólaársins munum við taka stöðuna á hvort hægt hafi verið að gera umsögn um öll börnin.

Tengja saman sögustundir og föndur. Markmiðið er að finna upp föndur sem við tengjum beint við vikulegu sögurnar sem starfsmenn segja til að efla ímyndunaraflíð og hafa heildstæða úrvinnslu á sögunum. Við notum bara nátturulegan efnivið til að framfylgja þessu markmiði.



Við tókum stöðuna eftir áramót á starfsmannafundi og greinum hvernig okkur tókst til með þetta verkefni.



Búa til skraut og stemmningu á deildinni. Við munum aftur leggja áherslu á að skreyta stóru gluggana okkar eftir árstíðum og reyna enn meira að fá náttúruna í kringum okkur inn í skólastofuna. Við munum tína blóm og skreyta eins lengi og hægt er. Það á að vera í samhengi við markmiðið um að taka árstíðarborðið almennilega í gegn og hafa þemað eins

íslenskt og hægt er.

Útvalinn starfsmaður mun taka það að sér og vinna að þessu verkefni. Tekin verður staðan mánaðarlega á starfsmannafundum.

Innra mat Regnbogadeildar

Á Regnbogadeild starfa fjórir starfsmenn með sextán börn sem eru fædd 2018 og 2019.

Endurmat á umbótaáætlun 2022 - 2023

Fræðsla

Á liðnu skólaári var lögð áhersla á fræðslu fyrir starfsfólk til að koma Waldorf hugmyndafræðinni enn betur inn í daglegt starf leikskólans. Starfsfólk sat starfsmannafundi á þriggja vikna fresti og á hverjum fundi var innlegg frá stjórnendum um ýmislegt tengt waldorf hugmyndafræðinni sem og annað sem nýttist vel í starfi með börnum. Starfsfólki gekk vel að tileinka sér þessa fræðslu.

Betra skipulag fyrir vinnu með börnunum í útiveru. Í waldorf hugmyndafræðinni er lögð áhersla á að fullorðnir séu vinnandi fyrirmyndir barnanna. Unnið er með hefðbundin störf daglegs lífs bæði inni og úti og börnin taka virkan þátt eftir aldri og getu. Á starfsmannafundum voru kynnt ýmis árstíðabundin verkefni sem starfsfólk gat unnið með börnunum í útiveru. Bæði börn og starfsfólk nutu góðs af þessu aukna skipulagi og unnu hörðum höndum að því að fegra leikskólalóðina. Börnin voru m.a. hvött til þess að taka þátt í að vökva, þrifa glugga, sópa stétt, moka snjó, laga leiktæki og gróðursetja tré.

Matargerð

Okkur finnst mikilvægt að kenna börnunum umhverfisvænar aðferðir við nýtingu matar, sjálfbærni og mikilvægi þess að huga vel að umhverfi okkar. Í vetur bökuðum við brauð á hverjum fimmtudegi sem við borðuðum svo í hádeginu með súpu. Í vor gróðursettum við ýmsar matjurtir, fylgdumst með þeim vaxa og nýttum þær í matargerð.



Vettvangsferðir

Vettvangsferðir eru góð tilbreyting frá afgirtu leikskólasvæðinu og börnin fá tækifæri til þess að upplifa margt nýtt og spennandi í þessum ferðum.

Hvern föstudag fórum við í göngutúr og virtum fyrir okkur nærumhverfi leikskólans. Við heimsóttum fjöldan allan af leikvöllum í Laugardalnum og fórum líka í nokkrar lengri ferðir, t.d. í fjöruna við Laugarnes, í stytugarðinn við Ásmundarsafn í Húsdýragarðinn, á tónleika í Ráðhúsinu og svo heimsóttum við sveitabæ í Miðdal í Kjós.

Starfsfólk vann markvisst að málörvun barnanna í þessum ferðum, m.a. með því að spjalla við þau um allt það sem á vegi þeirra varð. Einnig fengu börnin tækifæri til þess að æfa umferðareglurnar.



Betra skipulag fyrir útskriftaleikrit

Á hverju ári fer fram lítil og notaleg kveðjustund með útskriftabörnum og foreldrum þeirra. Venjan er að útskriftahópurinn setji upp leikrit með aðstoð starfsfólks og sýni foreldrum sínum. Starfsfólk og börn velja eða semja sögu sem gefur öllum börnunum tækifæri á að leika hlutverk við sitt hæfi. Síðan aðstoðar starfsfólk börnin við að búa til búninga og leikmynd. Þetta er viðamikil verkefni og því er mikilvægt að hefja það snemma svo að börnin fái sem mest út úr því.

Barnahópurinn okkar í vetur var yngri en seinustu ár og því var ekki tilefni til vinna að úrbótum fyrir útskriftaleikrit. Þessi úrbótaáttur á þó við á næsta skólaári, því þá útskrifast stór hluti barnahópsins. Okkur langar að byrja þessa

vinnu eftir páska á næsta ári og mun starfsfólk útdeila með sér verkefnum þegar þar að kemur.

Umbótaáætlun 2023 - 2024

Hreyfing

Okkur finnst því mikilvægt að innleiða markvissa hreyfingu inn í leikskólastarfið vegna þess að börnin á deildinni eru orkumikil og hreyfing er einn af hornsteinum andlegrar og líkamlegrar heilsu. Á næsta skólaári langar okkur að búa til stærra pláss í dagskránni okkar fyrir útiveru þegar veður leyfir. Í leikskólagarðinum er meira pláss og frelsi til þess að æfa grófhreyfingar en inni.

Þegar fer að kólna og dimma langar okkur að leggja meiri áherslu á hreyfingu inni. Við höfum þegar gert tilraunir með þrautabraut í vetur og okkur langar að þróa hana enn frekar. Starfsfólk og börn virkja sköpunargáfuna og búa í sameiningu til þrautabraut úr stólum, dýnum, slæðum og öðru tilfallandi inni á deild.

- Ábyrgð: allt starfsfólk
- Tími: allt skólaárið
- Metið: með símati á reglulegum starfsmannafundum

Hvíld

Það er krefjandi að vera leikskólabarn, dagarnir eru oft langir og fullir af nýjum áskorunum. Mikilvægt er að börnin fái rými til þess að róa taugakerfið og slaka á. Okkur langar að búa til pláss fyrir rólega stund eftir hádegismat, þar sem við lágmörkum hljóð- og sjónaréiti. Börnin leggjast á dýnur með teppi og kodka hvíla sig í 20 mínútur á meðan þau hlusta á sögu. Við höfum gert tilraunir með þetta síðasta skólaár með góðum árangri og okkur langar að þróa þetta verkefni enn frekar. Okkur langar að betrubæta hvíldaraðstöðuna þannig að hvert barn hafi sitt fasta pláss á dýnu með kodka og teppi að heiman. Einnig finnst okkur mikilvægt að búa til fáar, einfaldar og skýrar reglur um það hvað er leyfilegt í hvíldinni og hvað ekki. Börnin þurfa að vera vel upplýst um þessar reglur og starfsfólk þarf að vera samstíga í að viðhalda þeim. Með þessu aukna skipulagi vonum við að börnin upplifi aukið öryggi til þess að slaka á og að hvíldin geti verið ánægjuleg fyrir alla.

- Ábyrgð: allt starfsfólk
- Tími: allt skólaárið



- Metið: með símati á reglulegum starfsmannafundum

Félagsfærni

Leikskólinn er mikilvægur vettvangur fyrir börnin til þess að æfa sig í samskiptum við jafnaldra og fullorðna. Í vetur tókum við eftir því að ágreiningar koma helst fram milli barnanna þegar þau eru í frjálsum leik og þess vegna langar okkur að leggja sérstaka áherslu á að starfsfólk sé vakandi fyrir neikvæðum samskiptum milli barnanna og noti tækifærið til þess að þjálfa börnin í málamiðlun, að setja sig í spor annarra og að virða mörk annarra á meðan frjálsi leikurinn fer fram. Einnig viljum við hvetja almennt til jákvæðra samskipta með því að hrósa börnunum þegar þau eru vinaleg hvort við annað, deila með sér og sýna umhyggju.



Í vetur æfðum við okkur í tjáningu og virkri hlustun með „hjartasteininum” okkar. Þá sitja börnin í hring og láta hjartalaga stein ganga á milli sín. Sá sem

heldur á steininum má tjá sig um hvað sem er á meðan hinir hlusta. Okkur þótti þessar samverustundir virkilega ánægjulegar og langar að halda áfram með þær næsta vetur.

- Ábyrgð: allt starfsfólk
- Tími: allt skólaárið

Metið: með símati á reglulegum starfsmannafundum

Innramat Stjörnulofts 2023

Á Stjörnulofti starfa fjórir starfsmenn og á deildinni eru sextán börn öll fædd 2019.

Dagshrynjandinn á Stjörnulofti, rýnt í starfið í gegnum daginn.



Á Stjörnulofti vinnum við eftir ákveðnum hrynjanda, hrynjandinn byggir upp daginn og í honum felst ró fyrir börnin. Í hrynjandanum er best að finna rými milli útöndunnar og innöndunnar. Útöndun er sá tími sem börnin eru í frjálsu flæði hvort sem er úti eða inni. Og innöndun er það starf sem er stýrt af kennurum.

Hrynjandinn er alltaf sá sami en breytist lítillega á milli árstíða.

Morgunhringur

Morgunhringurinn er stund þar sem við byrjum daginn saman. Börn og starfsmenn setjast saman í hring og syngja árstíðabundin lög saman og heilsa deginum og hvort öðru.

Morgunhressing

Leikskólinn býður ekki upp á morgunmat, en börnin fá morgun hressingu kl 9.30. Í morgun hressingunni er boðið upp á smurt brauð, ávexti og vatn.

Hádegismatur

Hádegismaturinn er borinn fram kl 11.15 og lýkur kl 11.30. Hádegismaturinn er alltaf sá sami og fer eftir vikuhrynjandanum.

Á mánudögum er grautur

Á þriðjudögum er bygg og baunir

Á miðvikudögum er hirsir

Á fimmtudögum er súpa og brauð

Á föstudögum er pasta.

Sögustund og hvíld

Sögustund er eftir hádegismat. Í sögustund eru sögð árstíðabundin ævintýri og er sama ævintýrið sagt í þrjár vikur í senn. Ævintýrið er alltaf bein frásögn frá kennara og notar hann brúður og silki til að styðja við söguna.

Frjáls leikur

Frjáls leikur er þungamiðjan í okkar starfi því sá tími er þar sem barnið er í frjálsu flæði að leika allt það sem það hefur upplifað. Í frjálsa leiknum æfir barnið samskipti við önnur börn, félagslega hæfni, fín- og grófhreyfingar og gefur ímyndunaraflinu lausan tauminn.

Leikföng

Leikföngin sem við notumst við eru úr náttúrulegum efnivið og reynum við að notast við kubba, skeljar og steina. Það er mikilvægt að dótið sé ekki með



fyrirfram ákveðið hlutverk, heldur að þetta sé efniviður sem getur orðið það sem barnið vill að það verði.

Vinnustund

Vinnustund er tími sem er stýrt af kennurum og fer eftir vikuhrynjandanum.

Á mánudögum er árstíðabundið föndur

Á þriðjudögum er málun

Á miðvikudögum er árstíðabundið föndur

Á fimmtudögum er bakstur

Á föstudögum eru þrif.

Útivera

Á Stjörnulofti förum við út tvisvar á dag. Á morgnana og eftir hádegi. Í útiverunni er frjáls leikur þar sem börnin finna sér ýmislegt að gera. Í útiverunni er starfsfólkið virkt að sinna hinum ýmsu störfum. Börnunum er velkomið að hjálpa til við allt sem kennararnir vinna við úti því starfsmenn eru börnunum jákvæð vinnandi fyrirmynd.

Gönguferðir

Gönguferðir eru farnar á föstudögum. Á haustin förum við fyrir hádegi í gönguferðir, yfir vetratímam förum við eftir hádegi og svo á vorin fyrir hádegi. Þetta er gert til að börnunum líði sem best birtulega séð.



Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf er okkur mjög kært á Sólstöfum. Við leggjum mikið upp úr góðu og nánu sambandi við foreldra því án góðra samskipta og vináttu eiga börnin erfiðara með að fóta sig hjá okkur. Það eru samvinnudagar tvisvar á ári þar sem foreldrar, kennarar og börn vinna saman að hinum ýmsu verkum bæði utan hús og innan. Það er góður vettvangur fyrir kennara og foreldra að spjalla saman og eiga góðar stundir með börnunum. Einnig erum við með samverustundir í undirbúning fyrir jólamarkað þar sem við hittumst á laugardögum og fönndrum saman fyrir jólamarkaðinn okkar. Foreldrum er líka boðið nokkru sinnum á ári að koma og vera með okkur part úr degi eins og til dæmis á luktarhátíðinni og í páskakaffinu. Við erum með foreldraviðtöl í mars og svo foreldrafund á haustin. Við sendum út fréttabréf mánaðarlega og erum með lokaða facebook síðu fyrir deildina. Eins er alltaf í boði að panta fund með deildarstjóra og fara yfir þau mál sem brenna á foreldrum.

Breytingar og úrbætur 2023 til 2024

Frá áramótum hefur starfið á Stjörnulofti tekið þó nokkrum breytingum. Um áramótin tók nýr deildarstjóri við og breyttust þá áherslur í starfi lítillaga. Morgunhressing var val og gátu börnin valið á milli þess að borða, vera með í vinnustund eða vera í frjálsum leik. Þessu var breytt þannig að við setjumst öll saman við matarborðið, borðum hressingu og þökkum fyrir matinn saman. Þegar sú stund er búin fara allir á klósett og svo er komið inn í vinnustund. Vinnustundin er á einu borði og er kennari með tilbúið verkefni fyrir börnin, börnin taka þátt í vinnustund að vild. Börnin sem ekki vilja taka þátt eru í frjálsum leik. Þetta fannst okkur virka vel til að hafa betri heildarsýn á hópinn. Einnig fannst okkur börnin taka betur þátt þegar valið er þeirra. Við breyttum einnig hrynjandanum þannig að við erum með haust hrynjanda, vetrar hrynjanda og vor hrynjanda. Haust hrynjandinn er frá 9. ágúst til 31. október, þá byrjum við alla daga úti og förum í nestisferð á föstudögum fyrir hádegi. Vetrar hrynjandinn er frá 1. nóvember til 31. mars, þá byrjum við alla daga inni og förum í gönguferðir á föstudögum eftir hádegi. Svo er sumar hrynjandinn eins og haust hrynjandinn frá 1. apríl til leikskóla loka. Þetta er gert til að nýta sem best birtuna fyrir útiveru.



Skipulag á deild

Innra skipulag deildarinnar er í sífelldri þróun. Það veltur mikið á barnahópnum hvernig við leggjum línurnar fyrir daginn okkar. Á haustin mátum við okkur í hrynjanda sem virkar fyrir börnin og gefum okkur svo smá tíma í að fínþússa hann. Í grunninn er hrynjandinn okkar öndun í deginum og þrífumst við öll bæði starfsfólk og börn vel í góðum hrynjanda. Deildarstjóri skiptir verkefnum á milli starfsfólks í byrjun hvernar annar svo allir séu með sín verkefni á hreinu. Það þarf að halda utan um hin ýmsu verkefni svo sem hátíðir, vikuleg störf barnanna eins og málun og föndur og svo þarf að vera utanumhald utan um bæði foreldra og börn.

Heildar markmið Stjörnulofts fyrir næsta skólaár

- 1.Okkar markmið er að gera næsta skólaár skilvirkt að því leyti að tíminn inni á deild og úti sé vel nýttur.
- 2.Það hefur verið flókið að halda utan um faglegt starf vegna manneklu og langar okkur að bæta það.
- 3.Við viljum einnig að öll börn og starfsfólk á deild nái góðri tengingu.
- 4.Rými inn á deild betur skipulagt.
- 5.Sjónrænt skipulag inn á deild.

Hvernig er unnið að þeim markmiðum

- 1.Hrynjandanum hefur verið breytt lítilega þ.e.a.s árinu er núna skipt í þrennt. Haust, vetrar og vor hrynjandi. Það er gert til að nýta birtuna sem best í útiverunni. Börnin byrja daginn úti á haustin og vorin og inni á veturnar. Einnig eru gönguferðir farnar á morgnanna á haustin og vorin. En á veturna förum við eftir hádegi.
- 2.Deildarstjóri hefur búið til hefti þar sem árinu er skipt niður eftir vikum og farið er ítarlega yfir bæði ævintýri, söngva og föndur. Heftið verður geymt inni á deild

þar sem það er aðgengilegt öllum starfsmönnum. Þetta er gert til að auðvelda starfsfólki að halda hrynjandanum gangandi.

3.Við leggjum mikla áherslu á að allir sem starfa á deildinni nái góðum og djúpum tengslum. Með því skapist ró í deginum. Við höfum markvisst bæði með samtölum við starfsfólk og fundum með foreldrum fundið góða leið til að leysa það.

4.Við höfum hreinsað vel út af deild, bæði leikföng og mublur til þess að skapa betra rými fyrir frjálsan leik.

5.Það hefur verið búið til sjónrænt skipulag fyrir hvern og einn starfsmann. Þetta er gert til að auðvelda afleysingakennurum sem koma inn á deild að ganga beint til verks.

2 Innra mat Mánalofts

Á Mánalofti eru fjórir starfmenn í 100% starfi og sextán börn. Í vetur var einum starfsmanni skipt út til að leysa af í veikindaleyfi á annari deild og fengum við tímabundinn starfsmann í stöðu þess starfsmanns.

Á Mánalofti er unnið mikið með frjálsa leikinn auk mikillar útiveru (sérlega á vorin og sumrin). Við höfum frelsi innan rammans. Börnin vita því alla daga hvað er framundan og finna þannig öryggi í aðstæðum.

Daglegar athafnir eins og t.d. sögustund og morgunhringur skapa dagshrynjandann. Vikan hefur sinn hrynjanda sem er hér listaður upp fyrir neðan.

Árstíðabundnar hátíðir eru í hávegum hafðar í leikskólanum. Á hverjum degi skapast rými fyrir bæði inni og útiveru, það sem við köllum innöndun og útöndun. Innöndunin eru verkefni sem kennarinn stýrir sem eru hugsuð sem upplifun fyrir barnið t.d. söngvar og ævintýri.



Vikuhrynjandinn:

Mánudagur: mála

Þriðjudagur: handavinna

Miðvikudagur: Ævintýri: gönguferð, byrjum daginn úti frá kl 9 :00 (tónlist verður þegar inn er komið, eða í gönguferð)

Fimmtudagur: baka

Föstudagur: útivera, við byrjum dagana úti, þrífín verða í boði í frjálsa tímanum

Dagshrynjandi

08:00 leikskólinn opnar (á sumrin og vorin byrjum við dagana úti)

09:00 morgunsöngur

09:15 hressing

09:30-10:30 frjáls leikur

10:30-11:00 klósett

11:00-11:15 ögustund/vísa

11:15 hádegismatur

12:00-14:00 hvíld/rólegur leikur

14:30 hressing

15:00- útivera

17:00 leikskólinn lokar

Endurmat á umbótaáætlun 2022-2023

Við breyttum hrynjandanum/dagsskipulaginu hjá okkur og hefur nýja skipulagið virkað vel í vetur og stefnum við því að halda því óbreyttu að hvíldinni undanskildri. Við ætlum einnig að gera skipulag einfalt og sýnilegt svo að afleysingarstarfsfólk geti gengið örugglega í verkin.

Ætlun síðasta veturs var að vinna náið með Stjörnulofti þar sem börnin á Mána- og Stjörnulofti voru á svipuðum aldri, en lítið varð úr því sökum mismunandi dagskipulags deildanna. Þess í stað höfum við unnið vel með Bjartalandi yngstu deildini þar sem við deilum fataherbergi og er stutt fyrir okkur að fara á milli til að hjálpast að. Við stefnum á að halda því áfram. Samstarfið er einnig praktískt þar sem við kynnumst börnunum sérstaklega vel áður en þau koma svo yfir til okkar á Mánaloft.



Umbótaáætlun 2023-2024

Aukið skipulag í kringum stórar hátíðir

Í Waldorf er mikið af hátíðarhöldum árið um kring. Mikið skipulag krefst þess að allt sé tilbúið á tilsettum tíma. Oft er þetta álagsvaldur ef ekki er komist snemma í undirbúning verkefnanna. Við höfum stundum verið á síðustu stundu að undirbúa.

Markmið fyrir næsta skólaár er að byrja á verkefnum vel fyrir tilsettan tíma og getað unnið hægt og rólega að verkefnum með börnunum og þannig minnka álagið sem skapast oft í kring um hátíðarhöld.

Tími: allt árið

Ábyrgð: deildastjóri gerir skipulag sem allir starfsmenn fylgja.

Breyttar hvíldar aðstæður

Hjá okkur hefur alltaf verið hvíld á milli 12-14 . Í ár hefur borið á því að börn sem ekki sofa/þarf að vekja eftir ákveðinn tíma trufla töluvert þau sem mega sofa. Hugmyndin er sú að vera með tvískipta hvíld þar sem börn sem sofa stutt eða ekki séu í fremri stofunni með kennara hjá sér. Við vonum að þetta tryggi betri og rólegri upplifun fyrir börnin sem eru frammi og einnig betri svefn fyrir þau sem þurfa hann. Nákvæmt skipulag ákveðið á fyrsta starfsdegi eftir sumarfrí.

Tími: allt árið

Ábyrgð: Allir starfsmenn deildar

Málörvun tví- og fjöltyngdra barna

Á Mánalofti er töluverður fjöldi tví- og fjöltyngdra barna. Við viljum halda áfram að aðstoða þau að ná tökum á íslenskunni til dæmis með því allir starfsmenn séu áfram meðvitað að setja orð á hluti og gjörðir auk þess að skoða með þeim bækur, segja sögur, fara með vísur



og syngja lög. Auk þess mun koma sérkennari og vinna náíð með okkur í haust og veita börnunum stuðning auk þess að leiðbeina okkur inni á deild.

Tími: allt árið

Ábyrgð: allir starfsmenn deildar og sérkennari

Leiksvæði inni á deild

Í Waldorf er mikið lagt upp úr frjálsum leik og fallegu umhverfi sem laust er við áreiti. Við höfum verið dugleg að hafa leikföng aðgengileg auk þess að skipta þeim út. Í haust fáum við fleiri leikstanda til að afmarka svæði og búa til hús. Við stefnum að því að bæta inn og breyta svæðum reglulega til að dýpka frjálsa leikinn enn fremur í inniveru.

Tími: allt árið

Ábyrgð: allir starfsmenn deildar



Innra mat á Bjartalandi



Á Bjartalandi hafa síðasta árið verið fjórir starfsmenn og sextán börn á aldrinum átján mánaða til þriggja ára.

Yngstu börnin í leikskólanum eru á Bjartalandi og í öllu starfi á deildinni er unnið með hrynjanda sem er þeim mjög mikilvægur, dagshrynjanda, vikuhrynjanda og árshrynjanda. Hrynjandinn skapar nauðsynlegan ramma fyrir börnin svo það er ekkert sem kemur þeim á óvart og þau eru rólegri og geta einbeitt sér betur þegar þau vita alltaf hvað er að fara að gerast næst. Þannig geta þau leikið sér áhyggjulaus.

Dagshrynjandinn helgast af daglegum athöfnum eins og morgunhring, máltíðum og hvíld á ákveðnum tímum, vikuhrynjandinn af ákveðnum máltíðum og ákveðnum verkum á ákveðnum dögum eins og baunum á þriðjudögum og hirsu á



miðvikudögum og bakstri á fimmtudögum og þrifum á föstudögum og árshrynjandinn af árstíðabundnum hátíðum sem er lögð mikil áhersla á í leikskólanum.

Starfið á deildinni gekk vel í vetur og það gekk vel að halda góðum hrynjanda, börnin sem byrjuðu síðasta haust voru á svólítið misjöfnum aldri þar sem voru nokkur börn sem héldu áfram hjá okkur frá árinu á undan en okkur fannst það hafa mjög góð áhrif á hópinn í heild að einhver barnanna væru búin að vera lengur og nýju börnin voru strax öruggari með sig þegar þau upplifðu hvað hin voru örugg hjá okkur. Um áramótin fóru nokkur af elstu börnunum okkar yfir á næstu deild og þá bættust við fleiri yngri börn sem urðu öll strax mjög örugg með sig hjá okkur og við erum núna með samrýmdan hóp af börnum sem eru öll orðin mjög sjálfstæðir og sterkir einstaklingar.

Samvinnan gekk mjög vel á Bjartalandi í vetur og starfsmenn ná allir mjög vel saman og hugsa vel um hvern annan, sem skilar sér í mjög góðu andrúmslofti inni á deildinni og við finnum hvað það skiptir miklu máli fyrir vellíðan barnanna hjá okkur. Ábyrgðarhlutverkunum hefur verið deilt niður á alla starfsmenn og verkaskipting inni á deild er mjög jöfn. Skipulagið er skýrt og allir ganga í öll verk samkvæmt skipulagi. Allir hafa sitt hlutverk og bera ábyrgð á og sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin að hausti frá upphafi til enda. Markmiðið er að allir hafi sem besta yfirsýn og finni til ábyrgðar og hversu mikilvægir þeir eru.





Endurmat á umbótaáætlun 2022-2023

Útivera og hreyfing

Búið er að gera girðingu á útisvæðinu okkar til að afmarka sérstakt svæði sem er ætlað yngstu börnunum og markmiðið var að vera sem mest með börnin okkar í litla garðinum, en það gekk ekki alveg eins vel og við vorum búin að vona þar sem mörg barnanna hjá okkur eiga eldri systkini sem þau sjá í stóra garðinum og vilja þá heldur vera þar. En við ætlum að reyna áfram að vera sem mest þarna með hópinn okkar, sérstaklega í byrjun þó að við notum stóra garðinn líka. Við vildum líka leggja meiri áherslu á markvissa hreyfingu hjá þessum hóp okkar og vera dugleg að ganga með þeim, bæði um stóra garðinn og skreppa út fyrir hann og það gekk vel og við vorum dugleg að bjóða þeim með okkur í litlum hópum út fyrir garðinn til þess að erindast eitthvað, fara með ruslið eða sækja eitthvað sem vantaði í eldhúsið.

Skipulag deildar og leikrými

Okkur langaði til þess að vinna betur með rýmið hjá okkur þar sem deildin er mjög björt og falleg og rýmið skemmtilegt og býður upp á mikla möguleika. Við gerðum sérstakan eldhúskrók og dúkkukrók sem kom mjög vel út og fengum nýja púða og mottu í stóra krókin svo það er orðið mjög fallegt og notalegt hjá okkur. Við höfum líka verið duglegri að nota önnur rými eins og hvíldarherbergið fyrir hreyfistund og fataherbergið til að sitja í rólegheitum og púsla þannig að hópurinn hefur getað skipt sér aðeins upp og öll börnin notið sín í frjálsum leik.

Foreldrasamstarf og fræðsla

Við töluðum um að við vildum leggja áherslu á foreldrasamstarf því það er mjög mikilvægt og hefur verið gott og foreldrar áhugasamir og viljugir að taka þátt í starfinu. Okkur fyndist líka gaman ef væri hægt að bjóða upp á meiri fræðslu fyrir foreldra og jafnvel að koma af stað einhvers konar umræðuhópi eða bókaklúbbi þar sem foreldrar geta rætt það sem þeir hafa lesið og hugmyndir sínar, eða facebookhópi þar sem foreldrar geta deilt áhugaverðum myndböndum og greinum. Við höfum ekki komist eins langt með þetta og við hefðum viljað en við erum enn að vinna í þessu og ætlum að setja meira fræðsluefni inn í facebookhópinn okkar í vetur.

Umbótaáætlun 2023-2024

Útivera og hreyfing

Á Bjartalandi förum við yfirleitt ekki út fyrir hádegi yfir háveturinn þar sem við borðum hádegismat snemma og förum í hvíld þannig að við erum inni fram að hádegi. Okkur langar því að skipuleggja starfið þannig að við getum boðið upp á ennþá meiri hreyfingu inni en við höfum gert og stefnum á að skipta hópnum aðeins upp og bjóða nokkrum í einu inn í herbergi þar sem við getum verið með æfingabrautir þar sem þau geta æft jafnvægi með að ganga eftir bekkjum, klifrað í lítilli klifurgrind sem við vorum að fá og hoppað á dýnum. Við byrjuðum aðeins á þessu síðasta vetur og fannst þetta gefa góða raun svo við viljum vinna markvissar með þetta í vetur. Við reynum hins vegar að byrja úti á morgnana eins lengi og við getum inn í haustið, á meðan er ennþá sæmilega bjart í upphafi dags því okkur finnst það gera börnunum mjög gott að komast út bæði fyrir og eftir hádegi og að sama skapi byrjum við úti um leið og við getum á vorin.







Heimilislegt andrúmsloft

Þar sem við erum svona mikið inni yfir vetrartímann viljum við líka reyna að hafa það ennþá huggulegra inni á deildinn okkar. Við höfum verið að tala um að við myndum vilja nota eldhúsið á deildinni okkar aðeins betur og gera til dæmis stundum hafragraut fyrir börnin á morgnana eða hummus með brauðinu. Í vetur höfum við nokkrum sinnum hitað kakó eða kryddmjólk á morgnanna þegar er kalt og það er mjög heimilislegt þegar við útbúum eitthvað svona á deildinni sjálfar fyrir börnin okkar og skapar mjög notalega stemmningu.

Skipulag

Þó að skipulagið hjá okkur sé heilt yfir mjög gott þá má alltaf gera betur og við myndum vilja ná enn betur utan um álagsstundir eins og þegar við erum í fataklefanum að fara út eða koma inn. Þá erum við að hugsa um að hver starfsmaður haldi utan um ákveðinn hóp af börnum svo allt sé skýrt og allir viti hvað á að gerast næst. Við þurfum líka að ná aðeins betur utan um sögustundina



okkar og nú verður einn kennaramenntaður starfsmaður á deildinni sem sér alveg um hana.



Ábyrgð

Deildarstjóri og aðrir starfsmenn á deild

Tími

Allt skólaárið

Metið

Starfið er metið með símati á reglulegum starfsmannafundum

3 Innra mat sérkennslu

Hjá okkur starfar ekki sérkennslustjóri. Nokkur börn eru með stuðning og sjá tveir stuðningskennarar um hann. Stjórnandi ber ábyrgð á að börn sem eiga rétt á sérkennslu og stuðningi fái hann.

Við vinnum ekki með matsgögn en ef á þarf að halda leitum við til þjónustumiðstöðvar Laugardals- Háaleitis sem framkvæmir ýmsar athuganir fyrir okkur.

Í þeim tilfellum sem kennarar hafa áhyggjur af þroska eða hegðun barna hefur verið haft samband við þjónustumiðstöð Laugardals- Háaleitis og leitað ráða hjá þeim.

Sérkennslu- og hegðunarráðgjafi frá þjónustumiðstöð hafa unnið með okkur vegna barna sem eru með stuðning og þeirra barna sem kennarar hafa áhyggjur af. Höfum við fengið mjög góða þjónustu sem hefur gagnast okkur vel.

Teymisfundir eru haldnir reglulega með foreldrum barna með frávík og farið yfir stöðu mála. Ýmist eru fundirnir eingöngu með kennara eða kennara, foreldrum og starfsmanni þjónustumiðstöðvar.

Talmeinafræðingur hefur komið til okkar og tekið málþroskapróf hjá börnum sem kennarar og foreldrar hafa haft áhyggjur af.

Keypt voru námsgögn sem bæði talmeinafræðingur og sérkennsluráðgjafi mæltu með. Auk þess höfum við keypt Waldorfbækur og ýmsa hluti til að styðja við málörvun. Einnig fengum við send ýmis gögn frá sérkennsluráðgjafa.

Sérkennslu er sinnt ýmist inni á deild eða einstaklingslega. Stuðningskennari vinnur með afmörkuð mælanleg verkefni. Framfarir eru metnar reglulega.

Kennarar eru meðvitaðir um mikilvægi málörvunar. Í sögustund fer fram mikil orðaforðakennsla. Sama sagan er sögð í eina til þrjár vikur. Auk þess eru vísur, þulur og fingraleikir og söngvar sögð og sungin í eina til þrjár vikur. Með endurtekningunni læra börnin hugtök og fjölbreyttan orðaforða. Deildarstjórar og aðrir starfsmenn sinna kennslunni.



Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

Eitt stærsta framfara skrefið sem við höfum tekið lengi varðandi sérkennslu er að við höfum ráðið inn sérkennara fyrir næsta skólaár. Viðkomandi kennari ásamt stjórnanda munu skipuleggja kennsluna.

Stærsta áskorunin sem við stöndum frammi fyrir er að skólinn hjá okkur er ekki fullbyggður og erum við ekki með sér herbergi fyrir kennsluna. Í samstarfi við grunnskólann munum við að nýta okkur aðstöðu sem er laus þar fyrir hádegi. Við munum leggja allt kapp á að halda úti góðu starfi og mun sérkennarinn ekki verða settur í afleysingar.

Ábyrgð

Stjórnendur og sérkennari

Tími

Allt skólaárið

Metið

Metið með símati á reglulegum deildarstjórafundum.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

Það fjármagn sem við fengum úthlutað var notað til að auka fjölbreytni námsgagna.

Þetta skólaár voru m.a. keyptir fleiri kassar sem innihalda myndir með nafn- og sagnorðum, keyptar voru bækur fyrir börnin, tréleikföng sem notuð eru m.a. í sögustund. Einnig hafa kennarar útbúið fjölbreytt málörvunar og orðaforða verkefni.

Markvisst er unnið með grunnorðaforða m.a. í gegnum gefðu 10 og fleiri verkefni.

Unnið er með tungumálið á fjölbreyttan hátt í gegnum sögur, söngva, vísur, fingraleiki og rím. Í sögu- og söngstundum er sama sagan sögð og sömu söngvarnir sungnir í eina til þrjár vikur, fer það eftir hversu flókin sagan er og aldri



barnanna. Í gegnum endurtekninguna læra börnin bæði fjölbreyttan orðaforða og hugtök.

Fyrir sögustund setja kennarar upp sögusviðið og stilla upp brúðuleikhúsi.

Kennarar nota brúður/dýr sem þeir hafa útbúið t.d. úr þæfðri ull eða með trébrúðum sem styðja við sögusviðið.

Jafnt og þétt yfir skólaárið er unnið með tvö til þrjú börn í einu á deild í gefðu 10. Allir starfsmenn á deildum taka þátt í þeirri vinnu. Þeir skipta með sér ákveðnum þáttum sem þeir sjá um að þjálfa.

Einnig er unnið með margskonar málörvunarleiki sem hafa verið sérsniðnir að hverjum hóp. Les- og samverustundir eru nýttar til að dýpka orðaforða t.d. með því að tala um söguna sem lesin var og útskýra orð og hugtök.

Á elstu deildunum er gerð einstaklingsáætlun sem er reglulega uppfærð á deildarfundum.

Eins og fram hefur komið er rík sögu-, vísna-, rímna- og frásagnarhefð í leikskólanum. Unnið er markvisst með alla þætti tungumálsins út frá þeim. Unnið er með tilfinningar m.a. út frá félagsfærnisögum sem fjalla um ákveðið vandamál sem börnin leysa í sameiningu. Auk þess eru spiluð tilfinningaspil og farið í margskonar leiki sem reyna á og þjálfa félagsfærni.

Starfsmenn hafa verið hvattir til að nýta hluta af undirbúningstíma sínum í að hlusta á fyrirlestra á netinu og lesa Waldorf bækur.

Ráðinn hefur verið inn sérkennari sem mun sinna málörvunarstundum með fjöltyngdu börnunum okkar.

Viðmið um árangur.

Ábyrgð: Stjórnandi, deildarstjórar og sérkennari.

Haust 2023

Vor 2024

Símat á deilda- og deildarstjórafundum og fundum með sérkennara.

Að fjöltyngd börnin nái góðum tókum á málinu.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í febrúar til mars. Viðtölin voru þannig uppsett að starfsfólk fékk fyrirfram senda umræðupunkta í tölvupósti sem tengjast bæði líðan í vinnu, samskiptum á vinnustaðnum og starfinu.

Stjórnandi hvatti til að starfsfólk tæki sér góðan tíma til hugleiða umræðupunktana og kæmi vel undirbúið í viðtalið. Starfsfólk fær tækifæri til að skoða sjálft sig, væntingar sínar, samskipti innan deildar og í leikskólanum. Gefin var klukkustund í hvert viðtal.

Tveir stjórnendur tóku öll viðtölin.

Helstu áherslur sem komu fram í viðtölunum voru:

Starfsfólk var almennt ánægt í vinnu, flestum fannst starfsandinn góður og allir finna fyrir stuðningi og virðingu frá samstarfsfólki. Stór hluti starfsmanna óskar eftir enn meiri Waldorf fræðslu.

Starfsmenn töluðu um að þeir finndu ekki fyrir óeðlilegu álagi í vinnu en þó væru álagspunktur t.d. þegar verið væri að klæða í útiveru og þegar aðrir starfsmenn væru mikið frá eða mættu seint til vinnu. Einnig komu fram gagnlegir punktar sem við munum vinna eftir.

- Fyrsta starfsdaginn eftir sumarfrí verður gefinn góður tími í deildarvinnu.
- Hafa sýnilegt dagsplan uppi á vegg.
- Hafa foreldrahandbók mjög ítarlega.

Fræðsla:

Á starfsmannafundum sem haldnir eru á þriggja vikna fresti er alltaf stutt Waldorf færðsla og eða Waldorfvinna.

- Starfsmönnum stóð til boða að fara á tvö námskeið með breskum Waldorfkennara í Lækjarbotnum.
- Skyndihjálparnámskeið var í febrúar.
- Námskeið/fyrirlestur frá Hugarfrelsi sérsniðið að leikskólastarfsmönnum .

- Um vellíðan í starfi.
- Fjórir starfsmenn fara á viku Waldorfnámskeið í New York

7 Samstarf leikskóla og grunnskóla

Leik- og grunnskóli Sólstafa eru á sama svæði og þekkja börnin okkar því skólalóðina mjög vel. Gott samstarf er á milli skóla Sólstafa. Elstu nemendur leikskólans fara einu sinni í mánuði í heimsókn í grunnskólann. Í þeim kynnst þeir staðháttum í skólanum, sitja í kennslustund og vinna verkefni með 1. bekk.

Leik- og grunnskólakennari vinna náið saman við að skipuleggja vel tilfærslu nemenda á milli skólastiga.

Nemendur grunn- og leikskólans hittast nokkrum sinnum yfir skólaárið. Má þar nefna Mikjálsmessu/dreka hátíðina sem fram fer í Öskjuhlíð að hausti þar sem nemendur vinna saman ýmis skemmtileg verkefni. Við undirbúning jólabasarsins, sveitaferð að vori og sumarhátíð Sólstafa.

Á næsta skólaári fara 80% barna af leikskólanum yfir í grunnskólann hjá okkur. Við stefnum á að það hlutfall haldist á næstu árum. Okkar sýn er að þeir foreldrar sem velja Waldorfleikskólann geri það vegna stefnunnar og velja síðan að láta börn sín halda áfram og fara í Waldorf grunnskóla Sólstafa.

Skólaheimsóknirnar gengu vel í vetur og munu halda áfram með svipuði sniði næsta skólaár. Þar sem 2018 árgangurinn er nokkuð fjölmennur hjá okkur mun hópnum verða skipt í tvennt.

Tækifæri til umbóta

- Stórauka kynningu á grunnskólastarfinu til foreldra leikskólabarna.
- Finna góða leið til að nálgast foreldra.
- Gera skólann sýnilegri t.d. á samfélagsmiðlum.

Ábyrgð: stjórnendur leik- og grunnskólans, deildarstjóri elstu deildar og umsjónarkennari 1. bekkjar.

Tími: Allt skólaárið

Metið: Á sameiginlegum starfsdegi leik- og grunnskólans.



8 Foreldrasamvinna

Í leikskólanum er gott samfélag þar sem mikil áhersla er lögð á samvinnu á milli foreldra og leikskólans.

Í júní var sumarhátíð í leikskólanum og var foreldrafélagið með ís og kökusölu. Innkomuna á að nota til að stofna formlega foreldrafélag leikskólans. Starfsmenn leikskólans sáu um sölu á afleggjurum og blómum sem foreldrar, starfsmenn og velunnarar skólans gáfu leikskólanum. Innkomuna á að nota í að kaupa gróðurhús. Er það langtímaverkefni og áætluð við að það taki tvö til þrjú ár að safna fyrir því. Á næstu sumarhátíð væri gaman að bjóða foreldrum að vera enn meira með í blómasölu. Undirbúningur fyrir jólabasarinn fer fram frá október og þar til basarinn er haldinn. Flestir foreldrar reyna að mæta á einn basarhitting og allir foreldrar vinna á jólabasarnum. Þeir foreldrar sem sjá sér ekki fært að mæta í undirbúninginn vinna verkefni heima.

Allar deildir halda úti öflugum facebook eða instagram síðum þar sem foreldrar geta fylgst með starfinu og hvað er á döfinni. Deildarstjórar senda út fréttabréf í hverjum mánuði.

Vinnudagur í leikskólanum hefur verið vel sóttur af foreldrum, börnum og starfsfólki. Hefur mikil uppbygging átt sér stað á leikskólalóðinni. Búið er að gróðursetja töluvert af trjáplöntum, sem munu með tíð og tíma mynda gott skjól og laða að bæði fugla og býflugur. Ósk kom frá foreldrum að nauðsynlegt væri að koma upp kerru og hjólaskýli. Var það smíðað á síðasta vinnudegi.



Starfið er m.a. byggt upp í kringum árstíðabundnar hátíðir, vinnudaga og undirbúning jólabasars. Þátttaka foreldra í öllum þessum uppákomum er mjög mikilvægur þáttur í starfi leikskólans. Við þessi tækifæri hittast foreldrar, börn og starfsmenn og kynnast vel, sem skilar sér á jákvæðan hátt inn í skólastarfið.

Tvisvar á ári eru haldnir sameiginlegir foreldrafundir, að hausti og eftir áramót. Á haustfundinum er kosið í foreldrafélag og foreldraráð. Allir foreldrar eru í foreldrafélaginu. Í foreldraráðinu sitja einn til tveir foreldrar.

Á fundunum er stutt Waldorf-fræðsla, farið yfir hvað er á döfinni og almennt spjall.

Foreldraviðtöl voru á öllum deildum í lok febrúar.

Foreldrar hafa ávallt greiðan aðgang að stjórnendum og kennurum skólans. Hvort sem er í spjall um hvernig dagurinn hefur gengið eða formleg viðtöl.

Þar sem febrúar er annasamur mánuður í starfinu hjá okkur var ákveðið að á næsta skólaári færu foreldraviðtölin fram í mars.

Í júní er nýjum foreldrum boðið á sameiginlegan kynningarfund. Á honum er m.a. farið yfir stefnuna og starfið, deildarstjórar kynntir og deild barnsins skoðuð. Auk þess skrifa foreldrar undir pappíra og velja vistunartíma.



Foreldrahandbókin er búin að vera í vinnslu allt þetta skólaár og hefur stækkað mikið í vinnsluferlinu. Stefnum við að klára hana fyrir áramót.

Ábyrgð: Allir deildarstjórar og stjórn leikskólans.

Tími: Allt árið.

Metið: Í foreldraviðtölum, á deildastjórafundum og í gegnum foreldrakannanir.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Dagskrá Sólstafa 2023 - 2024

Ágúst :

- **Priðjudaginn 8. ágúst - Starfsdagur kennara.**
 - Leikskólinn opnar: miðvikudaginn 9. ágúst
- **Föstudaginn 25. ágúst berjadagur.**

September:

- **Fimmtudaginn 8. september – Foreldrafundur**
- **Laugardaginn 16. september – vinnudagur.**
 - Foreldrar, börn og starfsfólk huga að leikskólanum, bæði innan- og utandyra.
- **Miðvikudaginn 28. september – Elstu börnin fara í heimsókn í drekaleikinn**
- **Fimmtudaginn 29. september - Mikjálsmessa - uppskeruhátíð á leikskólanum.**
 - Við bökkum drekabrauð og eldum drekasúpu. Kartöfluupptaka, Mikjálssögustund og hauststemning.

Nóvember

- **Laugardaginn 4. nóvember jólabasar**
- **Föstudaginn 10. nóvember: Martinsmessa /Luktarganga.**
 - Foreldrar, börn og starfsmenn ganga syngandi hring í hverfinu með lukt í hönd.
- **Föstudaginn, 24. nóvember kl. 9:00 - Aðventuhátíð .**



Desember

- **Miðvikudaginn 20. desember Jólball**
 - Börnin skreyta jólatré, syngja og dansa í kringum það.

Jólafrí er frá 23. Desember - 27. desember

Starfsdagar 27. – 30. – 3. janúar 2024. Leikskólinn er lokaður

Leikskólinn opnar aftur á mánudaginn, 3. janúar 2024



Dagskrá Sólstafa 2024

Febrúar

- **Fimmtudaginn 8.febrúar** - foreldrafundur
- **Föstudaginn 9. febrúar** - starfsdagur
- **Föstudaginn 16.febrúar- Þorrahátíð á leikskólanum.**
 - Á matseðlinum er heimabakað rúgbrauð og flatkökur, skyr og söl.
 - Gaman ef börnin koma klædd í sauðalitunum þennan dag.
- **Opið hús** - Waldorfskólinn Sólstafir, Sóltún 6
 - Auglýst þegar nær dregur.
- **Mánudaginn 12. febrúar** - bolludagur.
- **Þriðjudaginn 13. febrúar** - sprengidagur.
- **Miðvikudaginn 14. febrúar** - öskudagur/ grimuball í leikskólanum

Mars

- **4. – 18. mars** - Einstaklings foreldraviðtöl
- **Miðvikudaginn 27. mars** - Páskakaffi fyrir foreldra og börn.
Leikskólinn lokar kl. 16:00

Apríl

- **Páskafrí 28. mars - 1. apríl.**
 - Leikskólinn opnar aftur þriðjudaginn 2. apríl.
- **Fimmtudaginn 25 april** - Sumardagurinn fyrsti, leikskólinn er lokaður

Maí

- **Sveitaferð** í Miðdal í Kjós fyrir elstu börnin
Lagt af stað k.l. 9.30 og farið með rútu. Farið í fjöru og síðan grillað í

Miðdal.

Komið heim um kl. 14.30. Mælst er til að ferðalangarnir séu sóttir snemma.



Yngstu börnin gera sér dagamun og fara í göngutúr og undirbúa sérstakan hádegismat. (Dagsetning ákveðin síðar)

- **Laugardaginn 11. maí** - Vinnudagur
Foreldrar og starfsfólk huga að leikskólanum, bæði innan- og utandyra.
- **Fimmtudaginn 18. maí** - Uppstigningardagur, Leikskólinn lokaður
- **Föstudaginn 24. maí** - Hvítasunnuhátíð á leikskólanum
- **Mánudaginn 27. maí annar í Hvítasunnu** - Leikskólinn lokaður.
- **Fimmtudaginn 30. maí, sumarhátíð Sólstafa.**
 - Foreldrar, börn og starfsfólk skemmta sér saman

Sumarfrí í leikskólanum er frá 1. júlí til 6. ágúst.

Starfsdagur kennara 7. ágúst, leikskólinn er lokaður.

Leikskólinn opnar aftur eftir sumarfrí miðvikudaginn. 8. ágúst.



10 Fylgigögn

Barnaskoðun Eyðublað

Barnaskoðun

Nafn:

Aldur:

Dagsetning:

Auðkenni líkamans:

Lýstu heildarmyndinni frá höfði og niður í tær:

Líkamsform, Líkamsbygging og Líkamshlutfall:

Höfuð:

Hárið:

Augu:



Augabrúnir:

Nef:

Munnur:

Haka:

Húð:

Tannþroski:

Hendur:

Útlimir:



Hreyfingar:

Göngulag:

Hlaupa:

Hoppa:

Jafnvægi:

Hreyfi þörf:

Fin- grófhreyfing:

Málþroski:

Hvernig hljómar röddin?



Orðaforði :

Tjáning:

Talar barnið skýrt?

Tónlist:

Söngur:

Taktur:

Sálareiginleiki - Lífstjáning:

Sálarstemning:

Eftirherma

Frjáls leikur - inni:

Frjáls leikur - úti:

Skipulagður leikur:

Leikföng:

Söngleikur:

Hrynlist:

Fingraleikur:

Félag færni:

Sjálf:

Önnur börn:

Fullorðnir:

Teikningar:

Málun:

Viljakraftur:



Skynfæri:

Bragðskyn:

Sjónskyn:

Liktarskyn:

Jafnvægiskyn:

Eigin hreyfingarskyn:

Snertiskyn:

Lífskyn:

Hugsunar- eða hugtakaskynjun:

Heyrn:

Orðaforði:

Skynjun:

Saga barnsins:

Er barnið eina barnið? Eru systkini? Hvar er barnið í systkina röðinni?

Fæðing, eitthvað sérstakt sem kom upp á í fæðingunni? Var það brjóstabarn?

Skreið barnið áður það labbaði?

Hvenær lærði barnið að ganga og tala?

Notar eða notaði barnið snuð?

Var eitthvað sem kom upp á í lífi barnsins frá fæðingu til upphafs leikskóla, veikindi eða önnur áföll?

Notar barnið bleyjur? Eru vandamál með að pissa eða kúka í rúmið? Eru vandamál með að kúka í buxur?

Sérstakir hlutir í tengslum við matarvenjur?

Sérstakir hlutir sem tengjast svefni? Venjur? Kvöldbæn? Saga fyrir svefn?

Hvenær vaknar barnið á morgnanna?

Hefur barnið þitt eigið herbergi?

Fatnaður - Kýs barnið ákveðna liti?

Getur / vill klæða sig sjálf?

Ákveðnar venjur sígur þumalfingur eða naga meglur?

Aðrar athugasemdir:

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Elín Traustadóttir 1. Júlí 2023 _____
Leikskólastjóri

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2023 – 2024 Waldorfleikskólinn Sólstafir

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Fyrir hönd foreldrafélagsins

Guðrún Birna Jakobsdóttir

Jana Eir Víglundsdóttir



Umsögn foreldraráðs:

Undirritaðar hafa lesið starfsáætlun Waldorsleikskólans Sólstafa fyrir skólaárið 2023-2024.

Í starfsáætlun er farið yfir starf síðasta árs og það metið. Skemmtilegt að lesa um góðar stundir barnanna á leikskólanum, mikla útiveru og vettvangsferðir. Sérstaklega gleðilegt að lesa um góðan starfsmannastöðuleika, almenna starfsánægju og endurmenntun starfsfólks enda er vellíðan starfsmanna lykillinn að góðu skólastarfi. Í skýrslunni mætti skýra betur hvaða þættir eru skoðaðir í innra mati og hvernig það mat er gert.

Áhugavert er að lesa um starfið á komandi starfsári og greinilegt að þar ríkir mikill metnaður. Jákvætt er að sérkennsla verði eflað á árinu, að starfsmaður hafi verið ráðin til að sinna henni og að aukin áhersla sé á málörvun. Foreldraráð hvetur leikskólann til að nýta þennan starfsmann ekki í afleysingar.

Líkt og fyrra ár vill foreldraráð leikskólans ítreka við Reykjavíkurborg að bæta þurfi umferðaröryggi í kringum skólasvæðið að Sólúni 6 en göngustíg, göngubraut, ljós og skilti eru ekki til staðar eins og nauðsynlegt er í kringum leik- og grunnskóla.

Það verður spennandi að fá að fylgjast áfram með því góða starfi sem unnið er í leikskólanum.

Fyrir hönd foreldrafélagsins,

Guðrún Birna Jakobsdóttir
Jana Eir Víglundsdóttir
Reykjavík 29. júní 2022





Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Waldorfleikskólinn Sólstafr**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 F	19 F	19 S	19 M	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ			30 L	30 Þ	30 F	30 Þ
31 F		31 Þ		31 S	31 M			31 S	31 F		31 M

Í reglum um leikskólalögnustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til t tuttugu virka